

Félag Íslenskra atvinnuflugmanna

Icelandic Air Line Pilots Association

HLÍÐASMÁRA 8 · 201 KÓPAVOGI · Kt. 530169-3839 · Sími/Tel. (+354) 599 1199 · Fax (+354) 599 1190
Netfang/E-mail: fia@fia.is · Vefsíða/Homepage: http://www.fia.is



Fjármálaráðuneytið

06.05.2008

B/t Marianna Jónasdóttir

Tekju og Lagaskrifstofu

Fyrirspurn

Vísað er til fundar fulltrúa FÍA með skrifstofustjóra tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins þann sautjándá apríl s.l. og óskað var eftir af hálfu nefndra félagasamtaka, m.a. með hliðsjón af ákvæðum 1. mgr. 106. gr. laga nr. 90/2003. Meginefni fundarins var fyrirspurn um framkvæmd skattalöggjafarinnar gagnvart flugrekendum, svo og flugáhöfnum sem byggja tekjuöflun sína á vinnu og greiðslum frá áhafnaleigum á grundvelli þess starfssambands sem á milli þessara aðila er. Félagar innan FÍA svo og aðrir fagaðilar tengdir atvinnufluggeiranum hafa lengi haft af því spurnir og áhyggjur að skattskilum þessara starfshópa og þar með framkvæmd skattalaga sé áfátt. Tekið skal fram að hér er ekki einvörðungu átt við framkvæmd tekjuskattslaga nr. 50/2003 heldur einnig lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988 og eftir atvikum aðrar réttarreglur skattaréttar sem við geta átt.

Í ljósi þess sem hér að framan er rakið og rætt var á nefndum fundi óskar FIA eftir upplýsingum frá skattyfirvöldum hvort og þá hvernig framkvæmd skattalöggjafarinnar er hagað í þessu sambandi. Sérstaklega er óskað eftir því að skattyfirvöld upplýsi FIA um eftirfarandi álitæfni:

a) Hverjar skattaréttarlegar skyldur telja skattyfirvöld íslenska flugrekendur eða aðra þá er standa að slíkum rekstri bera, það er þá sem eiga, leigja eða reka loftför skráð á Íslandi eða utan lands, eða þá sem leigja loftför til verkefna fyrir íslenska aðila með eða án starfandi áhafna?

b) Hvernig háttar skattstjórnsýslu gagnvart þeim er tekjur þiggja frá ofangreindum aðilum, það er frá þeim er teljast til flugrekenda sbr. liður a) hér að ofan.


c) Hafa skattfyrvöld tekið afstöðu til framangreindra laga- og réttaratriða, svo sem með tilliti til þeirra sjónarmiða sem leiðir af jafnræðisreglum, þar með talið ákvæða EES-samningins sbr. lög nr. 2/1993 og þeirra grunnilda sem í þessum reglum eru fólgin?

Í samræmi við almennar reglur stjórnsýsluréttar er þess óskað að skriflegt svar berist sem fyrst. Áréttað skal að stjórn FIA lýsir yfir eindregnum samstarfsvilja með skattfyrvöldum í sambandi við allt það sem hér að framan hefur verið rakið.

Virðingarfyllst,

fyrir hönd Félags íslenskra
atvinnuflugmanna (FÍA).

Jón Þór Þorvaldsson



Jóhannes Bjarni Guðmundsson
formaður



Afrit sent Fjármálaráðherra Árna Matthiesen og embætti Ríkisskattstjóra